

33
4. júní

L Ö G

um

sameining yfirsksjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Yfirsksjalavarðarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavarðarembættið skulu sameinast þegar annaðhvort eða bæði losna og því verður við komið. Hið sameinaða embætti nefnist landsbókavarðarembætti og er launað samkvæmt launalögunum.

2. gr.

Jafnframt og sameiningin fer fram eru úr gildi numin lög um þjóðskjalasafn Íslands, 3. nóv. 1915, 2. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.